

## D ó m s o r ð :

Framangreindur lögveðréttur er viðurkenndur.

Stefndi Steindór Einarsson greiði stefnanda Helga Thorlacius kr. 3342.12 með 6% ársvöxtum frá 9. júní 1944 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. apríl 1948.

Nr. 138/1947. Réttvísín (Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)  
gegn

**Herði Lárusi Valdimarssyni, Magnúsi Aðalsteini Aðalsteinssyni, Hinriki Ragnarssyni og Þórarni Andréssyni Sigurðssyni**

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Þjófnaður.

## Dómur hæstaréttar.

Atferli það, sem lýst er í V. kafla héraðsdómsins, var framið með þeim hætti, að ákærða Hinrik hlaut að vera ljóst, að um þjófnað var að ræða. Þátttaka hans varðar því við 244. gr. laga nr. 19/1940. Að öðru leyti eru afbrot ákærðu rétt færð til refsíákvæða.

Með hliðsjón af 72. gr. hegningarláganna þykir refsing ákærðu Harðar Lárusar og Magnúsar Aðalsteins hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár og 4 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma þeirra.

Hegningarauki ákærða Hinriks ákveðst fangelsi 3 mánuði.

Refsing ákærða Þórarins er hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. En fullnustu refsingar hans þykir mega fresta, og falli hún niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, verði haldin skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 68. gr. hegningarláganna, sbr. 20. gr. bifreiða-

laga nr. 23/1941, ber að svipta alla hina ákærðu réttindum bifreiðarstjóra ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og málskostnað staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Ákærðu, Hörður Lárus Valdimarsson og Magnús Aðalsteinn Aðalsteinsson, sæti hvor fangelsi 3 ár og 4 mánuði. Gæzluvarðhaldstími þeirra skal koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði Hinrik Ragnarsson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Þórarinn Andrésen Sigurðsson sæti fangelsi 6 mánuði. En fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Ákærðu eru allir sviptir ökuleyfum ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. október 1947.

Ár 1947, fimmtudaginn 30. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 4451—54/1947: Réttvísinn gegn Herði Lárusi Valdimarssyni, Magnúsi Aðalsteini Aðalsteinssyni, Þórarni Andrésyni Sigurðssyni og Hinrik Ragnarsyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Herði Lárusi Valdimarssyni pípuþingarmanni, Fálkagötu 8, Magnúsi Aðalsteini Aðalsteinssyni verkamanni, Camp Knox 0—3—1, Þórarni Andrésyni Sigurðssyni sjómanni, Sörlaskjóli 42, og Hinrik Ragnarssyni bifreiðarstjóra, Skipasundi 9, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði Hörður Lárus Valdimarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Osló í Noregi 17. janúar 1914, og hefur svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

1927  $\frac{7}{4}$  Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til dómara.

1929  $\frac{9}{10}$  Sátt, 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.

1935  $\frac{3}{11}$  Sátt, 35 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936  $\frac{1}{4}$  Dómur aukaréttar, 40 daga fangelsi við venjulegt fanga-  
viðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. gr. laga nr.  
51 1928.

1941  $2\frac{1}{2}\%$  Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um einstefnu-  
akstur.

1947  $\frac{1}{2}\%$  Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 5. gr. bifreiðalag-  
anna.

Ákærði Magnús Aðalsteinn Aðalsteinsson er kominn yfir lög-  
aldur sakamanna, fæddur 26. október 1924 í Reykjavík. Hinn 23.  
maí 1946 var hann með réttarsátt sektaður um kr. 50.00 fyrir brot  
gegn lögum nr. 69 1936, sbr. reglugerð nr. 105 1936, 3. gr. 1. mgr.

Ákærði Þórarinn Andrésen Sigurðsson er kominn yfir lög-  
aldur sakamanna, fæddur á Þórustöðum í Gerðahreppi 8. janúar  
1915, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

1944  $1\frac{1}{8}$  Reykjavík, sátt, 50 kr. sekt fyrir áflog á almannafæri.

1946  $\frac{7}{10}$  Reykjavík, sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1947  $2\frac{3}{8}$  Reykjavík, sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Hinrik Ragnarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna,  
fæddur á Hellissandi 11. nóvember 1920, og hefur, svo kunnugt sé,  
sætt þessum kærnum og refsingum:

1936  $1\frac{1}{8}$  Siglufjörður, sátt, 30 kr. sekt fyrir götuóspektir.

1938  $2\frac{1}{4}$  Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Dómur, 500 kr. sekt  
fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. áfengislaganna.

1938  $3\%$  Reykjavík. Áminning utan réttar fyrir óspektir.

1942  $\frac{1}{12}$  Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 27. gr. bifreiða-  
laganna.

1943  $2\frac{1}{11}$  Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Dómur aukaréttar, 6  
mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir brot gegn  
257. gr. 1. mgr. hegningarlaga nr. 19 1940. Dóms-  
niðurstaðan staðfest í hæstaréti  $2\%$  1944. Brotið heim-  
fært undir 257. gr. 2. mgr. sbr. 20. gr. hegningarlaga  
nr. 19 1940.

1943  $1\frac{7}{12}$  Reykjavík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um  
einstefnuakstur.

- 1945  $1\frac{1}{2}\%$  Reykjavík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir akstur bifreiðar án afturljóss og með of marga farþega í framsæti bifreiðar.
- 1945  $\frac{9}{10}\%$  Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945  $3\frac{1}{2}\%$  Reykjavík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir að hafa of marga farþega í framsæti bifreiðar.
- 1945  $2\frac{3}{8}\%$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi og skaðabætur kr. 2475.68 fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaganna og 37. gr. áfengislaganna. (Mál nr. 2104, 1945). Staðfest í i hæstarétti  $2\frac{2}{3}\%$  1946.
- 1947  $1\frac{1}{2}\%$  Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr. bifreiðalaganna, 43. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 7. gr. umferðarlaganna.
- 1947  $1\frac{7}{10}\%$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaganna, skaðabætur í sama máli kr. 2990.00 til Einar G. Bjarnasonar. (Mál nr. 4243, 1947).

Skulu nú rakin brot ákærðu, hvert fyrir sig, og eru þau sönnuð með eigin játningum þeirra, sem eru í öllum atriðum í samræmi við annað, sem fram hefur komið í málinu.

### I.

Í fyrrihaust, þegar þannig stóð á, að herliðið, sem hér hafði verið, hafði yfirgefið herskálahverfin hér í grenndinni, kom ákærðu Magnúsi, Herði og Þórarni saman um að fara í yfirgefið herskálahverfi í Fossvogi og taka þar einhver verðmæti, er þeir myndu þar. Magnús fékk lánaða vörubifreið til þessarar ferðar og ók henni. Förina fóru þeir á sunnudegi um miðjan dag. Þeir fóru í þrjá ólæsta herskála í hverfinu og tóku þaðan þrjá oliukynta baðvatnsosna, þrjú súrefnishylki og eitt element úr lofthitara. Þýfi þetta fluttu þeir heim til Harðar. Ofnana seldu þeir Hörður og Magnús síðar fyrir kr. 1200.00 alls, sem þeir skiptu með sér. Súrefnishylkin seldu þeir fyrir kr. 100.00 hvert, alls kr. 300.00, og skiptu því fé jafnt milli allra þeirra þriggja ákærðu, sem þátt tóku í þessu broti. Elementið seldu þeir ekki og hefur rannsóknarlögreglan nú tekið það í sínar vörzslur.

### II.

Í fyrrihaust um það leyti, sem brezki herinn var að fara úr skálahverfi við Einarsstaði, fór ákærði Hörður inn í yfirgefinn skála í hverfinu og tók þaðan eina klósettskál og hafði heim með sér og hefur hún verið þar í notkun síðan.

### III.

Í fyrrihaust, um það bil, sem herliðið fór úr svonefndum Tripolikamp hér í bænum, fóru ákærðu Magnús, Hörður og Þórarinn inn í ólæstan verkstæðisskála í hverfinu og tóku þar ýmsa bifreiðavaraahluti, sem lágu á við og dreif um skálann. Þýfið fluttu

þeir heim til Harðar. Á síðastliðnu sumri seldu Hörður og Magnús þýfi þetta fyrir kr. 1100.00, létu Þórarinn fá kr. 300.00 af því fé, en skiptu afganginum jafnt milli sín.

## IV.

Skömmu áður en herliðið yfirgaf Tripoliherbúðirnar fóru ákærðu Magnús og Hörður eitt sinn á næturþeli inn í herbúða-hverfið og komust þeir þar inn yfir fallinn kafla girðingarinnar, sem kringum það var. Þeir fóru að sölubúð hersins, sem læst var með hengilás, snéru hann sundur og fóru síðan inn í búðina. Þar fundu þeir peningakassa og höfðu hann á brott með sér. Þeir fóru með hann fram að sjó og brutu hann þar upp. Í honum voru á þriðja hundrað dollarar, sem ákærðu skiptu með sér, og hafa síðan selt. Kassanum fleygðu þeir í sjóinn. Samkvæmt frásögn Magnúsar tóku þeir einnig í þetta skipti nokkuð af fatnaði, en Hörður telur þá ekki hafa tekið hann fyrr en í næstu ferð, sem nú verður strax lýst.

Þegar þeir höfðu lokið afskiptum sínum af peningakassanum, kom þeim saman um að fara strax aftur í búðina og fá Þórarinn með í þá för. Þeir fóru heim til Þórarins og vöktu hann upp, og var klukkan þá milli 2 og 3 að nóttu. Þórarinn var fús til að fara með þeim. Þeir fóru nú allir í búðina og tóku þar ýmsan varning, svo sem eitt útvarpstæki, tóbak, sápu, nokkrar reykjarpípur o. fl. Hörður segir þá einnig hafa tekið reiknivél í þessari ferð, en Magnús heldur því fram, að þeir hafi tekið hana áður. Munum þessum skiptu þessir ákærðu með sér. Sumir eru nú eyddir, en aðrir teknir í vörzlu rannsóknarlögreglunnar.

Eftir brottför herliðsins úr herbúðunum tóku sömu ákærðu gólf-dúk af skálagólfi í þeim, og notuðu Hörður og Þórarinn hann.

## V.

Skömmu áður en herliðið fór úr Camp Knox fóru ákærðu Hörður og Magnús þangað á næturþeli, klipptu gat á vírgirðing-una kringum hverfið og skriðu í gegn. Þeir fóru að ishúsi í hverfinu. Það var læst með hengilás, en þeir brutu hann í sundur og fóru inn. Þarna voru geymd ýms matvæli. Virðist svo sem þeir hafi í þetta sinn tekið tvo kassa af hvoru kjöti og eplum, og horið þá út fyrir girðinguna. Fóru þeir síðan heim til Þórarins og fengu hann í lið með sér, og var honum ljóst, að um þjófnað var að ræða. Þeir þurftu að fá bifreið til að flytja þýfið, og varð það úr, að Þórarinn vakti upp nágranna sinn, ákærða Hinrik, og bað hann að flytja fyrir þá í bifreið sinni varning, sem þeir höfðu keypt af her-mönnum. Hinrik féllst á það og ók að girðingunni. Þar beið hann meðan hinir stóttu þýfið og báru á bifreiðina. Var það fjórir kassar af hverju, kjöti, smjöri og eplum og nokkuð af pylsum. Hver ákærða fékk sinn kassann af hverri tegund og a. m. k. sumir lítils háttar

af pylsum og notuð þeir varning þennan að svo miklu leyti, sem hann var eigi skemmdur, þegar þeir tóku hann eða skemmdist hjá þeim.

Allir eru þeir sammála um, að Hinrik hafi eigi verið sagt annað um varninginn en að hann væri keyptur af hermönnum og verður eigi talið sannað, að Hinrik hafi með þátttöku sinni í þessum verknaði gerzt sekur við þann hegningarlagakafla, sem honum er stefnt fyrir brot gegn.

## VI.

Aðfaranótt 13. desember s. l. brutust Hörður og Magnús inn í sölubúð Mjólkursamsölnnar í Garðastræti 17. Þeir fóru að bakdyrum búðarinnar, plokkuðu smárúðu úr hurðinni og seildust gegnum rúðuopið til smekklássins og opnuðu þannig dyrnar. Í búðinni leituðu þeir í skúffum og hillum, en fundu eigi aðra peninga en skiptimynt í bréfpoka í einni skúffunni og einnig skiptimynt í kassa.

Þeir tóku allt úr bréfpokanum og nokkuð úr kassanum og lítið eitt af sælgæti. Peningarnir, sem þeir tóku, námu nálægt kr. 200.00, og skiptu þeir þeim milli sín.

## VII.

Á síðastliðnum vetri, eftir að Reykjavíkurbær hafði keypt Camp Knox, fór Hörður eitt sinn inn í ólæstan skála í hverfinu og tók þaðan oliudreifara og hafði heim með sér. Ætlun hans var að nota oliudreifarann við miðstöðvarketil, en þegar til kom, þótti honum dreifarinn of stór, svo að hann notaði hann ekki. Hann geymdi því dreifarann þar til málið upplýstist og hefur hann komið til skila.

Síðar, þegar Magnús var að innrétta skála þann í Camp Knox, sem hann fékk til afnota, kom honum og Herði saman um að fara inn í skála einn í hverfinu og taka þaðan stóran oliudreifara, sem þeir vissu að var þar í sambandi við oliukyntan gufuketil. Þeir fóru að skálanum, opnuðu lúgu á honum og rifu burt vírnet, sem var fyrir henni. Síðan fór Hörður inn og losaði oliudreifarann, en Magnús beið úti á meðan. Þeir fluttu hann fyrst heim til Magnúsar, en síðar heim til Harðar og þar geymdu þeir hann þar til í s. l. ágústmánuði, að þeir seldu hann fyrir kr. 800.00, sem þeir skiptu með sér til helminga.

## VIII.

Í vetur eða vor fóru Hörður og Magnús inn í sjúkrahússkála í Camp Knox á þann hátt að fara inn um glugga, sem þeir höfðu rífið opinn, en honum verið tyllt aftur með nagla. Úr skálanum tóku þeir tvo lofthitara, annan í fullkomnu lagi, en í hinn vantaði elementið. Einnig tóku þeir tíu karboratora frá oliuofnum. Þýfi þetta fluttu þeir heim til Harðar. Þeir höfðu ekki látið það af höndum, þegar málið upplýstist, og hafa því munir þessir komizt til eigenda.

## IX.

Eitt sinn í vetur tók Magnús tvo oliudreifara úr eldavélum í eldhúsum í Camp Knox og lét út fyrir girðinguna um skálahverfið. Hann fékk Þórarinn til að taka við þeim þar og flutti hann (Þórarinn) þá heim til sín. Annan oliudreifarann seldi Magnús Þorsteini Halldórssyni vélgæzlumanni, Laugavegi 128, fyrir kr. 600.00. Hinn oliudreifarann lét Þórarinn Hinrik Ragnarsson fá, og mun honum ekki hafa verið ljóst, hvernig hann var fenginn.

Að því er virðist nokkru síðar en þetta gerðist og meðan Magnús var vökumaður í Camp Knox, bað hann Þórarinn að koma um nótt að girðingunni og taka við oliudreifurum, sem hann ætlaði að taka í skálahverfinu. Þórarinn féllst á það og fékk Hinrik með sér í þá för, og fóru þeir hana í bifreið Hinriks. Sagði Þórarinn honum erindið, og var Hinrik frá upphafi ljóst, að munir þeir, er þeir Þórarinn tóku við af Magnúsi í þetta sinn, voru illa fengnir.

Þegar þeir komu að girðingunni, fékk Magnús þeim tvo oliudreifara, kassa með járnfræsurum í borvélar og fáeina mæla, sem notaðir eru til að mæla gufuþrýsting í gufuköttlum, en alla þessa muni hafði Magnús tekið í skálanum. Þeir Þórarinn og Hinrik fluttu þýfi þetta heim til þess fyrrnefnda. Sjálfur fékk Hinrik annan oliudreifarann, en að hinu þýfinu fékk hann kaupanda, Jóhann Garðar Björnsson vélsmið, Skipasundi 14. Keypti Jóhann, sem var grunlaus umi að um þýfi væri að ræða, hina munina fyrir kr. 1500.00, sem Magnús og Þórarinn skiptu með sér. Jóhann hefur skilað munum þeim, sem hann keypti, og Þorsteinn sömuleiðis oliudreifaranum, sem hann keypti, og hafa munir þessir komizt til eigenda, sem er Reykjavíkurbær.

Umsjónarmaður bæjarins með Camp Knox mun taka oliudreifarana, sem Hinrik fékk í sinn hlut.

## X.

Í júlí eða ágúst í sumar fóru Hörður og Magnús inn um opinn nádhúsglugga á húsi við Sörlaskjól, sem Mjólkursamsalan hefur mjólkur- og brauðabúð í. Úr nádhúsinu komust þeir á gang, sem lá að búðinni, en milli hans og búðarinnar voru læstar dyr. Þeir ýttu á hurðina þar til hún opnaðist, en áður höfðu þeir árangurslaust reynt að opna dyrnar með lykli. Í búðinni fundu þeir eigi aðra peninga en skiptimynt og tóku hana ekki, en hins vegar tóku þeir 10 pakka af smjöri og lítið eitt af kökum, sem þeir skiptu milli sín.

## XI.

Aðfaranótt 27. júlí s. l. fóru Hörður og Magnús að afgreiðslu m/s Laxfoss, eign h/f Skallagríms í Borgarnesi, við Tryggvagötu. Útidyrhurð afgreiðslunnar var úr krossviði og skáru þeir gat á hana og seildust í gegnum það til smekklássins og opnuðu hann.

Þegar inn kom, var peningaskápurinn ólæstur, en í honum voru engir peningar. Þeir tóku nokkuð af orlofsmerkjum og Hörður tók ca. kr. 25.00, sem hann fann í skrifstofunni. Þegar málið upplýstist, skiluðu ákærðu orlofsmerkjunum að upphæð kr. 407.80 og fullyrða þeir, að það séu öll þau orlofsmerki, sem þeir hafi tekið á þessum stað, og er annað ósannað.

## XII.

Aðfaranótt 4. ágúst s. l. brutust Hörður og Magnús inn í trésmiðju Þorkels Ingibergssonar í Mjólnisholti 12. Þeir spenntu upp glugga á húsinu og smugu síðar inn um hann og komu þá inn í vinnusalinn. Þaðan brutu þeir upp hurðir fyrir tveimur skrifstofuherbergjum og fóru inn í þau og leituðu peninga. Í ólæstri skúffu í öðru herberginu fundu þeir umslag, sem í voru kr. 481.74, sem þeir tóku og skiptu með sér. Einnig tók Hörður þarna í smiðjunni fáein smiðatól og önnur áhöld, og hafa þau komizt til skila.

## XIII.

Aðfaranótt sunnudagsins 17. ágúst s. l. brutust Hörður og Magnús inn í Pípuverksmiðjuna, Rauðarárstíg 25. Þeir höfðu með sér bor og borsveif og boruðu með þeim göt á hurð og dyrastaf kringum smekklásinn, sem útidyrum hússins var læst með, og tókst þeim þá að opna dyrnar og fara inn. Á sama hátt opnuðu þeir tvær læstar skrifstofuhurðir inni í húsinu. Í skrifborðsskúffu einni fundu þeir peninga, kr. 1200.00 að sögn Harðar, en kr. 1000.00 að sögn Magnúsar, og tóku þá. Enn fremur tóku þeir lítinn peningakassa með litlu einu af peningum. Öllum peningunum skiptu þeir með sér, en fleygðu kassanum. Einnig tóku þeir í húsi þessu fern skæri, tvo lindarpenna og skíðablússu. Af munum þessum hafa einungis þrenn skæri komið til skila.

## XIV.

Aðfaranótt sunnudagsins 24. ágúst s. l. fóru Hörður og Magnús að húsgagnavinnustofu Hjalta Finnbogasonar & Co. í Einholti 2 í því skyni að brjótast þar inn og stela. Fyrst ætluðu þeir að fara inn um lúgu á bakhlið hússins. Fyrir lúgunni var tréherli og boruðu þeir nokkur göt á hann með bor, sem þeir höfðu með sér, en hættu síðan við að reyna að komast inn í húsið á þennan hátt og snéru sér að aðaldyrum þess. Þeir stungu skrúfjárn milli stafs og hurðar á þeim og spenntu hurðina þannig upp. Þarna inni var rangert geymsluhólf með þykkri járnhurð fyrir og voru á henni tvennar læsingar. Önnur var venjulegur smekklás, en hin læst með tveimur járnfleinum, sem gengu upp úr og niður úr hurðinni í gróp á dyraumbúningnum. Daginn áður hafði láðst að læsa síðari læsingunni. Þegar ákærðu komu inn, tók Magnús í handfang geymsluhólfsins og gekk hurðin upp við átakið. Í hólfinu var tré-

skápur, sem þeir brutu upp, en í honum voru engir peningar. Hins vegar voru í peningakassa í hólfinu um kr. 12 000.00, sem ákærðu tóku og skiptu með sér. Þeir sprengdu þarna upp skápa og skrifborð, en fundu þar ekkert fémætt. Magnús tók þarna lítið teppissnifsi og hafði heim með sér, en það var gamalt og einskis nýtt.

## XV.

Aðfaranótt 25. ágúst s. l. fóru Hörður og Magnús að netagerðinni Neptún í Skipasundi 29. Útidyr hússins opnuðu þeir með þjófalykli, fóru síðan um húsið í leit að einhverju fémætu og uppi á lofti brutu þeir upp skáp, en fundu ekkert fémætt og fóru á brott við svo búíð.

## XVI.

Aðfaranótt sunnudagsins 31. ágúst s. l. brutust sömu ákærðu inn í hús Bilasmiðjunnar h/f við Skúlagötu. Útidyr vinnustofunnar voru læstar með smekklás, sem ákærðu opnuðu með því að stinga skrúfjarni fyrir hlaupjarnið. Þegar inn var komið, fóru þeir upp á loft hússins. Þar komu þeir inn í ólæsta forstofu, en inn af henni voru tvö læst skrifstofuherbergi. Annað þeirra spenntu þeir upp á sama hátt og útidyrhurðina, en hitt opnuðu þeir með lykli að því sem lá hillu í ganginum framan við. Í nyrðri skrifstofunni brutu þeir upp veggskáp og tóku úr honum skiptimynt og umslag með seðlum. Í syðri skrifstofunni brutu þeir upp skúffur, en fundu þar ekkert fémætt. Þar inni var eldtraustur peningaskápur, sem þeir gátu ekki opnað, og af því að þeir vissu af logsuðutækjum niðri í vinnustofunni, ákváðu þeir að reyna að komast í skápinn með þeim. Þeir báru því logsuðutækin upp á loftið og með þeim skar Hörður, sem kunni með tækin að fara, stykki úr skáphurðinni og tókst þeim síðan að opna hann. Í skápnum var peningakassi, sem þeir brutu upp, og tóku þeir úr honum peninga. Alls telja þeir sig hafa tekið í þessu innbroti um kr. 1160.00—1300.00. Af hálfu Bilasmiðjunnar h/f er því hins vegar haldið fram, að horfið hafi í þetta sinn allt að kr. 2000.00 eftir því, sem næst verður komizt.

## XVII.

Aðfaranótt 19. f. m. fóru sömu ákærðu að trésmiðjunni Víði hér í bænum. Þeir tóku lausan hlera frá kjallaraglugga hússins og fóru inn um gluggann. Þeir fóru nú um húsið og brutu upp skáp og sjúkraumbúðakassa, en tóku ekkert úr þeim. Hins vegar tóku þeir tvær barnagrindur úr sölubúð trésmiðjunnar og höfðu á brott með sér og fékk sínar hvor þeirra.

## XVIII.

Sömu nótt reyndu sömu ákærðu að brjótast inn í hús Slippfélagsins í Reykjavík h/f við Ægisgötu. Þeir fóru að dyrum á vestur-

enda hússins og stungu þær með sporpárni úr hurð og dyrakarmi til að komast fyrir læsingarjárnrið. Það tókst þó ekki, og fóru ákærðu þá á brott við svo búíð.

## XIX.

Aðfaranótt 22. f. m. brutust sömu ákærðu inn í hús Almenna byggingarfélagsins h/f í Borgartúni. Kvöldið áður höfðu þeir farið að húsinu til að kynna sér allar aðstæður. Um miðnætti fóru þeir að húsinu í bifreið Harðar. Hluti hússins var ófullgerð nýbygging og fóru þeir fyrst þar inn og upp á loft, og tók Magnús þar öxi og Hörður kúbein, sem þeir höfðu síðan með sér í innbrotinu, en skildu eftir í húsinu. Úr nýbyggingunni fóru þeir út á steypnan pall á húsinu, sem myndast af því að neðsta hæðin er nokkru stærri um sig en hinar. Þeir gengu eftir pallinum þar til þeir komu að glugga, sem var kræktur með vindjárninu einu saman. Þeir reistu stiga upp að honum og fóru þeir eftir honum og inn um gluggann. Voru þeir þá komnir inn í autt læst herbergi. Þeir sprengdu það upp og komust þangað fram á gang hússins og eru skrifstofur Almenna byggingarfélagsins h/f við hann. Ákærðu snéru sér að hurð, sem var að skrifstofu innkaupastjóra félagsins, og boruðu göt á hana og náðu síðan í gegnum þau til smekklássins, sem læst var með, og gátu þannig opnað hurðina og komizt inn. Var þá greiður gangur um nokkrar samliggjandi skrifstofur, sem þeir fóru um í leit að peningum. Þeir opnuðu skápa og skúffur og þvinguðu eða brutu sum þeirra upp, en fundu enga peninga. Aftur á móti tóku þeir úr skáp einum í skrifstofunni 20 kerton af vindlingum og nokkuð af vindlum. Er því haldið fram af félagsins hálfu, að horfið hafi við þetta tækifæri 8 vindlakassar, en nokkuð er óljóst af framburðum ákærðu, hve mikla vindla þeir tóku. Enn fremur tóku þeir nokkur handklæði, Magnús tók rafmagnsborðklukku og Hörður lindarpenna og vatnshitunartæki nokkurt. Tóbaksvörunum og handklæðunum skiptu þeir á milli sín.

Að þessu loknu fóru þeir upp á næstu hæð hússins, þar sem skrifstofur Helgafells h/f eru. Þeir sprengdu upp dyr að skrifstofunum og leituðu síðan peninga í skápum og skúffum í skrifstofunum, en fundu eigi. Sumar skúffurnar voru læstar, en ákærðu opnuðu þær með lyklum, sem þeir fundu á borði. Í fremri skrifstofunni var eldraustur peningaskápur og stóð hann þar uppi á öðrum skáp. Ákærðu tóku nú peningaskápinn niður af hinum og settu hann á hvolf á gólfíð. Þeir flettu síðan með kúbeini járnklæðningunni af botni skápsins og veittist síðan auðvelt að rifa einangrunarlagið og innsta blikklagið. Í skápnum var peningakassi, sem ákærðu sprengdu upp, og tóku þeir úr honum peninga. Er því haldið fram af félagsins hálfu, að þeir hafi numið kr. 3000.00, eftir því sem næst verður komizt. Magnús heldur því fram, að í honum hafi verið næst kr. 1220.00, sem ákærðu hafi skipt með sér, en

Hörður ber, að Magnús hafi tekið peningana og stungið á sig, en síðar þegar þeir skiptu hafi hann fengið sér kr. 1200.00 að því er sig minni, og hafi hann (Hörður) haldið, að Magnús hefði tekið meiri peninga úr skápnum. Einnig tóku þeir úr skápnum, eftir því sem næst verður komið, þrjár arkir orlofsmerkja, hverja að upphæð kr. 1000.00, og skiptu með sér.

Ákærðu fóru út um aðaldir hússins. Þegar þeir voru að fara út, tóku þeir eftir járnhurð inn af forstofunni. Magnús reyndi að sprengja hana upp með kúbeininu, en það tókst ekki.

Vindlana og orlofsmerkin, sem Magnús fékk í sinn hlut í þessu innbroti, lét hann í poka, þar sem hann geymdi fleiri illa fengna muni. Í rannsókn þessa máls bárust böndin fyrr að Herði og var hann handtekinn hinn 7. þ. m., en Magnús hinn 10. þ. m. Þegar Magnús frétti handtöku Harðar, fór hann með poka þennan heim til Þórarins og bað hann að geyma hann og sagði honum jafnframt, að í honum væri þýfi, sem hann væri hræddur við að hafa heima. Þórarinn sagði Magnúsi, að hann mætti láta pokann upp á loft, og gerði hann það, og þar var pokinn í hilylum Þórarins þar til rannsóknarlögreglan sótti hann. Samtímis því að Magnús fór með pokann til Þórarins, gaf hann honum þrjú karton af vindlingum, sem hann hafði tekið í skrifstofu Almenna byggingarfélagins, og má af öllum atvikum telja vist, að Þórarinn hafi verið ljóst, að þær voru stolnar. Þegar málið upplýstist, hafði Þórarinn reykt nokkuð af vindlingum þessum, en hann skilaði í hendur rannsóknarlögreglunnar sama magni og hann hafði fengið.

Úr þessu innbroti hafa komið til skila til Almenna byggingarfélagins h/f þessir munir: 80 vindlar, 17—18 karton vindlingar, 8 handklæði, borðklukkan, lindarpenninn og vatnshitarinn.

Ákærðu hafa hvor um sig skilað einni örk orlofsmerkja, og hafa þær komið til skila til h/f Helgafells.

## XX.

Aðfaranótt 28. f. m. brutust Hörður og Magnús inn í geymsluskála nefndar setuliðsviðskipta við Njarðargötu. Þeir voru á ferli um bæinn þessa nótt í bifreið Harðar og í þjófnaðarhugleiðingum, en til framkvæmda kom ekki fyrr en á þessum stað. Vörður var í skálanum, sem jafnframt átti að gæta vöruskemma nefndarinnar víðar. Ákærðu sáu um nóttina vörðinn fara frá skálanum og sættu þeir þá færi og rifu gat hlið hans og fóru inn um það. Í skálanum var peningaskápur og var ytri hurð hans ólæst, en sú innri læst. Ákærðu opnuðu ytri hurðina, en stungu þá innri upp. Af hillu í skápnum tóku þeir peninga í umslagi og skiptu með sér. Telur Magnús þá hafa numið kr. 800.00, Hörður nálægt 1000.00 og af nefndarinnar hálfu er því haldið fram, að þeir hafi numið kr. 1000.00.

Enn fremur tóku þeir tvo peningakassa úr skápnum. Sá minni

var ólæstur, en sá stærri læstur. Meðan ákærðu voru að fremja verk þetta, heyrðu þeir til bifreiðar og héldu að vörðurinn væri að koma. Þeir hlupu því brott og fleygðu minni peningakassanum, sem var ólæstur, og engir peningar voru í. Með hinn fóru þeir heim til Harðar og sprengdu hann þar upp. Í honum voru engir peningar og brenndu ákærðu því, sem í honum var, en fleygðu honum sjálfum í sjóinn. Bifreið Harðar skildu þeir eftir nálægt skál-anum, sem þeir brutust inn í, og þegar lögreglan kom á vettvang, nokkru eftir brottför ákærðu þaðan, varð hún þess áskynja, að vél bifreiðarinnar var volg. Varð þetta til þess að grunur féll á Hörð um þátttöku í innbroti þessu, sem síðar leiddi til handtöku hans og upplýsingar máls þessa.

#### *Niðurlag.*

Af hálfu bandarísku sendisveitarinnar hér og sölunefndar setu-liðseigna hefur eigi verið óskað að taka við þeim munum, sem til skila hafa komið úr þjófnuðunum í herskálunum þessum að-iljum tilheyrandi, og verður því með þá farið sem óskilamuni.

Brot ákærðu hafa nú verið rakin og varða þau við 244. gr. hegningarlaga, nema brot Þórarins, sem lýst er í XIX. kafla, sem varðar við 254. gr. 1. mgr. sömu laga. Brot Harðar og Magnúsar, sem lýst er í XV. og XVIII. kafla, ber og að heimfæra undir 20. gr. 1. mgr. sömu laga. Þá ber að ákveða ákærðu refsingar með hlið-sjón af 77. gr. hegningarlaga, að Hinrik undanskildum.

Refsingar ákærðu Harðar og Magnúsar hvors um sig þykja hæfilega ákveðnar fangelsi í 2 ár, og samkvæmt 76. gr. hegningarlaga ber að ákveða, að gæzluvarðhald þeirra komi til frádráttar refsingunum, en gæzluvarðhald Harðar var frá 8. til 21. þ. m. og Magnúsar frá 10. til 21. þ. m.

Refsing Þórarins þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en rétt þykir að ákveða að fullnustu hennar skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaga haldin.

Eftir að ákærði Hinrik framdi brot það, sem hann er sakfelldur fyrir í þessu máli, hefur hann hinn 17. þ. m. verið dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga. Ber því að ákveða honum, samkvæmt 78. gr. 1. mgr. hegningarlaga, hegningarauka fyrir brot það, sem hér liggur fyrir, og þykir hann hæfilega ákveðinn fangelsi í 2 mánuði. Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaga ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjör-gengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birt-ingu dóms þessa að telja.

Á hendur ákærðu Herði og Magnúsi in solidum hafa eftirtalдар skaðabótakröfur komið fram vegna framantalinna brota, bæði út af stolnum verðmætum, sem eigi hafa komið til skila, og skemmdum á húsum og munum:

1. Frá Ingibergi Þorkelssyni h/f .....	kr.	781.74
2. Slippfélaginu í Reykjavík h/f .....	—	200.00
3. Mjólkursamsölunni .....	—	370.00
4. Hjálta Finnbogasyni & Co. ....	—	12 800.00
5. Almenna byggingarfélaginu h/f .....	—	1 450.00
6. Helgafelli h/f .....	—	5 000.00
7. Pípuverksmiðjunni h/f .....	—	3 116.00
8. Bílasmiðjunni h/f .....	—	3 200.00
9. Nefnd setuliðsviðskipta .....	—	3 400.00
10. H/f Skallagrími .....	—	300.00
11. Bæjarsjóði Reykjavíkur .....	—	3 000.00
12. Jóhanni Garðari Björnssyni, Skipasundi 14 ..	—	1 500.00
13. Trésmiðjunni Viði .....	—	300.00

Allar þessar kröfur hafa ákærðu samþykkt, og verða þær teknar til greina.

Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### D ó m s o r ð :

Ákærðu, Hörður Lárus Valdimarsson og Magnús Aðalsteinn Aðalsteinsson, sæti hvor fangelsi í 2 ár. Gæzluvarðhald þeirra komi til frádráttar refsingum þeirra.

Ákærði Hinrik Ragnarsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Þórarinn Andrésen Sigurðsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa. Verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu, Hörður Lárus Valdimarsson og Magnús Aðalsteinn Aðalsteinsson, greiði in solidum eftirtalдар skaðabætur innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa:

Ingibergi Þorkelssyni h/f .....	kr.	781.74
Slippfélaginu í Reykjavík h/f .....	—	200.00
Mjólkursamsölunni .....	—	370.00
Hjálta Finnbogasyni & Co. ....	—	12 800.00
Almenna byggingarfélaginu h/f .....	—	1 450.00
Helgafelli h/f .....	—	5 000.00
Pípuverksmiðjunni h/f .....	—	3 116.00
Bílasmiðjunni h/f .....	—	3 200.00
Nefnd setuliðsviðskipta .....	—	3 400.00
Skallagrími h/f .....	—	300.00

Bæjarsjóði Reykjavíkur .....	—	3 000.00
Jóhanni Garðari Björnssyni .....	—	1 500.00
Trésmiðjunni Viði .....	—	300.00

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.  
Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. apríl 1948.

Kærumálið nr. 3/1948. Georg Magnússon  
gegn

dánarbúi Garðars Þorsteinssonar og Árna  
Tryggvasyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Vitnaskylda embættismanns.

#### Dómur hæstaréttar.

Með kæru 7. apríl 1948, sem hingað barst 8. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 128. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstarétti úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 1. apríl 1948, þar sem varnaraðilja Árna Tryggvasyni var talið óskyldt að koma fyrir dóm í vitnamáli sóknaraðilja gegn dánarbúi Garðars Þorsteinssonar. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurði þessum verði hrundið og sér verði heimilað að krefja varnaraðilja Árna Tryggvason vættis í ofangreindu máli. Svo hefur hann og krafizt, að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Undanþága sú frá vitnaskyldu, sem embættis- og sýslunarmönnum er veitt í 4. tölulið 125. gr. laga nr. 85/1936, tekur aðeins til þeirra atvika, sem upplýsa má með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali. Atvik þau, er sóknaraðili krefur varnaraðilja Árna Tryggvason vættis um, virðast svo vaxin, að þau verði ekki upplýst með slíku vottorði.